

Nd.

14. Frumvarp til laga

[14. mál]

um breyting á lögum um ferðamál, nr. 29 30. apríl 1964.

(Lagt fyrir Alþingi á 89. löggjafarþingi, 1968.)

1. gr.

4. gr. laganna orðist þannig:

Skilyrði til að geta öðlzt leyfi til reksturs ferðaskrifstofu er, að forstöðumaður hennar uppfylli eftirtalin skilyrði:

- a. 25 ára aldur.
- b. Verzlunarskólapróf, eða hliðstæð menntun eða meiri, að dómi ráðuneytisins.
- c. Að minnsta kosti 5 ára starf við almennan ferðaskrifstofurekstur, eða 3 ár sem forstjóri ferðaskrifstofu. Störfin skulu vera þess eðlis, að þau geti, að dómi ráðuneytisins, veitt alhliða þekkingu á ferðaskrifstofurekstri.
Ráðuneytið getur ákveðið, að 5 ára störf við farþegaafgreiðslu í millilandaferðum hjá flugfélagi eða skipafélagi teljist jafngilda starfstíma á ferðaskrifstofu samkvæmt þessari grein.
- d. Fjárræði og forræði á húi sínu.
- e. Búseta á Íslandi.

Leyfi má veita félagi eða fyrirtæki, enda sé stjórn þess innlend og aðsetur hér á landi, og skal þá sá maður, sem hefur með höndum daglega stjórn ferðaskrifstofu, uppfylla skilyrði a—e-liða þessarar greinar.

Nú telur ráðuneytið, að málavöxtum athuguðum, að ekki sé unnt að reka starfsemi þá, sem sótt er um leyfi fyrir samkvæmt lögum þessum, á viðunandi hátt, og skal þá umsókninni synjað.

2. gr.

1. mgr. 5. gr. orðist þannig:

Leyfi til reksturs ferðaskrifstofu má því aðeins veita, að umsækjandi setji tryggingu, eigi lægri en 1.5 millj. kr. Ráðuneytið getur, að fengnum tillögum Ferðamálaráðs, ákveðið almenna hækkun tryggingarfjárins.

3. gr.

7. gr. orðist þannig:

Ferðaskrifstofur, sem öðlzt hafa leyfi til reksturs samkvæmt lögum þessum, skulu færa bókhald samkvæmt bókhaldslögum. Þær skulu árlega senda ráðuneytinu reksturs- og efnahagsreikning undanfarandi árs, endurskoðaðan af löggiltum endurskoðanda. Skyllt skal þeim að veita ráðuneytinu frekari upplýsingar, ef það æskir.

4. gr.

9. gr. laganna orðist þannig:

Leyfi til reksturs ferðaskrifstofu fellur niður:

- a. Ef leyfishafi verður gjaldþrota eða er sviptur fjárræði.
- b. Ef trygging sú, sem sett er samkvæmt 5. gr. rýrnar, fellur niður eða fullnægir ekki þeim reglum, sem ráðuneytið setur.
- c. Ef leyfishafi hættir að hafa búsetu hér á landi.

Ráðuneytið getur afturkallað leyfi fyrirvaralaust, ef það telur sannað, að um sé að ræða hjá ferðaskrifstofu meiri heildarvanskil en tryggingarfé samkvæmt 5. gr. nemur.

Sé félag leyfishafi eða ef annar en leyfishafi veitir daglegum rekstri ferðaskrifstofunnar forstöðu, fellur leyfið niður, ef forstöðumaður missir einhvers þeirra

skilyrða, sem leyfishafi verður að uppfylla samkvæmt lögum þessum, eða andast, enda sé ekki ráðinn nýr forstöðumaður, sem uppfyllir skilyrði laga þessara, innan þess frests, sem ráðuneytið setur.

5. gr.

10. gr. orðist þannig:

Nú andast leyfishafi, og er þá ekkju hans, ef hún situr í óskiptu búi, heimilt að halda áfram rekstrinum í eitt ár, enda sé fullnægt hinum almennu skilyrðum um ábyrgð, og ekki ástæða til afturköllunar leyfis samkvæmt 9. gr.

6. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi.

7. gr.

Við gildistöku laga þessara skal fella meginmál þeirra, meginmál laga nr. 71 30. desember 1964 og laga nr. 36 29. apríl 1966, svo og breytingu samkvæmt 12. gr. laga nr. 5 10. apríl 1968, inn í lög um ferðamál, nr. 29 30. apríl 1964, og gefa lögín út svo breytt.

Ákvæði til bráðabirgða.

Ferðaskrifstofur þær, sem öðlazi hafa leyfi og eru starfandi við gildistöku laga þessara, skulu innan 6 mánaða frá gildistöku laga þessara leggja fyrir ráðuneytið tryggingarskilríki í samræmi við 2. gr. laga þessara og reglur þær, sem ráðuneytið setur, og eiga þær þá rétt til að fá útgefin ný leyfi.

Sé trygging samkvæmt 2. gr. laga þessara ekki sett innan tilskilins frests, falla leyfi niður.

Athugasemdir við lagafrumvarp þetta.

Frá því að lögín um ferðamál, nr. 29 30. apríl 1964, tóku gildi eru senn liðin fimm ár. Á þessu tímabili hefur fengizt nokkur reynsla á I. kafla laganna, sem fjallar um almennar ferðaskrifstofur, og er með hliðsjón af þeirri reynslu nú talið æskilegt að gera ýmsar breytingar og endurbætur á þessum lagakafla.

Í athugasemdum við frumvarp til gildandi laga um ferðamál, árið 1964, sagði meðal annars: „Rekstur ferðaskrifstofu er að því leyti frábrugðinn annarri atvinnustarfsemi, að viðskiptamaðurinn greiðir oft fyrirfram þá þjónustu, sem ferðaskrifstofan veitir. Af því leiðir, að viðskiptavinurinn á þá undir heiðarleika ferðaskrifstofunnar fyrst og fremst, hvort hann fær þá þjónustu fyrir greiðslu sína, sem til er ætlazt og um var samið. Þegar við þetta bætist, að ferðaskrifstofur fá í langflestum eða öllum tilfellum gjaldfrest hjá skipafélögum, flugfélögum, hótélum og greiðasölustöðum, liggur í augum uppi, að starfsemi ferðaskrifstofa krefst ekki mikils rekstrarfjár. Nokkur freisting er því fyrir hendi fyrir einstaklinga til að hefja rekstur ferðaskrifstofa í skjóli þessa, án þess að ráða yfir nægilegu fjármagni til þess að mæta óvæntum áföllum.“

Markmið laganna um ferðamál frá 1964 var að hamla gegn þessari hættu og vernda hagsmuni ferðamanna og annarra viðskiptamanna ferðaskrifstofa með opinberum afskiptum. Reynslan hefur hins vegar sýnt, að gildandi ákvæði um upphæð tryggingarfjár og aðstöðu til opinbers eftirlits með rekstri ferðaskrifstofa eru ófullnægjandi og tryggja ekki á viðhlítandi hátt, að viðskiptamenn og skuldheimtumenn ferðaskrifstofa megi treysta því, að ferðaskrifstofur geti jafnan staðið við skuldbindingar sínar.

Í gildandi lögum er gert ráð fyrir því sem almennri reglu, að ef eigandi ferðaskrifstofu er einstaklingur, sé hann sjálfur forstöðumaður. Hins vegar er gert ráð fyrir því, að ef félag er eigandi, þurfi forstöðumaður að uppfylla hin almennu skilyrði 4. gr. laganna. Ekki þykir ástæða til að gera þennan mun eftir rekstrar-

formi og þykir eðlilegt að gera ráð fyrir, að enda þótt ferðaskrifstofa sé í eigu einstaklings, geti sá eigandi falið forstöðu hennar öðrum, á sama hátt og félag getur nú.

Skýringar við einstakar greinar frumvarpsins.

Um 1. gr.

Í 4. gr. laganna eru ákvæði um, hver skuli vera skilyrði til að öðlast leyfi til reksturs ferðaskrifstofu. Þessi grein hefur valdið nokkrum vandræðum, þar sem ekki er nægilega skýrt tekið fram, í hverju hin tilskilda fimm ára starfsreynsla skuli vera fólgin. Í frumvarpinu er lagt til að starfsreynslan þurfi að vera þess eðlis, að hún hafi getað veitt umsækjanda nokkuð alhliða þekkingu á rekstri ferðaskrifstofu, t. d. skipulagningu ferða, útgáfu farseðla o. fl.

Þá er talið rétt, að skenmri tími nægi, ef umsækjandi hefur verið forstjóri ferðaskrifstofu. Þó myndi hinum almennu skilyrðum e-liðs greinarinnar beitt jafnt, þótt um forstjóratíma væri að ræða.

Ljóst er, að farþegaþjónusta skipa- og flugfélaga er að ýmsu leyti skyld ferðaskrifstofurekstri og þykir því eðlilegt, að ráðuneytið hafi heimild þá, sem felst í næstsiðustu mgr. gr.

Um 2. gr.

5. gr. er sú grein gildandi laga, sem mest er talið aðkallandi að breyta, en í greininni eru ákvæði um tryggingarfé, sem ákveðið er að eigi skuli vera lægra en 350 þús. kr. Í framkvæmd hefur verið miðað við lágmark tryggingarfjárins samkvæmt 5. gr. laganna, þ. e. 350 þús. kr., og þau leyfi til reksturs ferðaskrifstofu, sem gefin hafa verið út til þessa, byggð á 350 þús. króna bankatryggingu. Í frumvarpinu er lagt til, að lágmark þetta verði hækkað í 1.5 millj. króna.

Þá er lagt til, að fellt verði niður það ákvæði, sem nú er í 1. gr., og heimilar ráðuneytinu að falla frá kröfu um tryggingarfé, ef hlutafé fyrirtækis nær tryggingarupphæðinni. Þessi heimild hefur ekki verið notuð, enda ljóst, að allt hlutafé fyrirtækis gæti verið tapað, áður en fyrirtæki yrði lögformlega gjaldþrota.

Um 3. gr.

Ákvæði þau, sem hér er lagt til að sett verði, varðandi bókhaldsskyldu og skil á reikningum, eru nokkru víðtækari en í 7. gr. gildandi laga, þar sem hér er lagt til, að ferðaskrifstofum verði gert að skyldu að senda ráðuneytinu árlega, innan ákveðins tíma, rekstrar- og efnahagsreikning, endurskoðaðan af löggiltum endurskoðanda.

Um 4. gr.

Í 9. gr. gildandi laga er ákvæði um, hvenær leyfi til ferðaskrifstofureksturs fellur niður. Í frumvarpinu er lagt til, að bætt verði inn í greinina ákvæði um, að ráðuneytið geti afturkallað leyfi fyrirvaralaust, ef það telur sannað, að vanskil séu orðin meiri en upphæð tryggingarfjárins nemur. Myndi þetta, ásamt nýmæli því, sem felst í 3. gr. frumvarpsins varðandi skil á rekstrar- og efnahagsreikningi, skapa ráðuneytinu aðstöðu til að fylgjast mjög vel með rekstri ferðaskrifstofa og greiðslugetu. Ef slíkt ákvæði hefði verið í lögnum frá upphafi og því beitt, hefði sennilega mátt koma í veg fyrir tjón, sem greiðsluþrot tveggja íslenzkra ferðaskrifstofa á þessu ári hafa þegar valdið.

Um 5.—7. gr.

Greinar þessar þarfnast ekki skýringa.

Um ákvæði til bráðabirgða.

Hér er lagt til, að ferðaskrifstofur þær, er öðlast hafa leyfi samkvæmt gildandi lögum og eru starfandi við gildistöku laganna, skuli innan sex mánaða frá gildistöku laganna hafa lagt fyrir ráðuneytið tryggingarskilríki í samræmi við ákvæði 2. gr. frumvarpsins, í því formi, sem gildir um slíkar tryggingar, þ. e. sem bankatrygging.